



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 67. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í
Gömlubúð, Höfn,
11. apríl 2019, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Huguún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissuradóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarféлага, Hjördís Skírnisdóttir varamaður og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.

Í fjarfundi: Björn Ingi Jónsson, Guðrún Inga Bjarnadóttir og Huguún Harpa Reynisdóttir.
Forföll boðaði Snævarr Guðmundsson

1. Skaftafell- Umsókn um aðstöðu fyrir veitingavagn - 1904015

Erindi frá Birni Smára Haukssyni dagsett 8.apríl 2019. Ósk um heimild til að staðsetja veitingabíl í Skaftafelli til eins árs.

Atvinnustefna þjóðgarðsins er til umsagnar á vefsíðu þjóðgarðsins. Í atvinnustefnu er ætlunin að mæla nánar fyrir um fyrirkomulag atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins, m.a. með hvaða hætti þjóðgarðurinn úthlutar aðstöðu og leyfum til rekstraraðila sem áhuga hafa á að veita þjónustu innan þjóðgarðsins. Þá eru einnig fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Skaftafells í því skyni að móta framtíðarfyrirkomulag svæðisins, m.a. hvað varðar aðstöðu rekstraraðila á svæðinu. Núverandi rekstraraðilar í Skaftafelli hafa heimild til að vera með rekstur á svæðinu út árið 2019.

Í ljósi þessarar stöðu og að atvinnustefna þjóðgarðsins er að líta dagsins ljós getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu en er nú þegar.

2. Deiliskipulag Jökulsárlón breyting - 1709015

Farið yfir tillögur Glámu-Kím sem unnar voru út frá gögnum síðasta fundar.

Svæðisráð lýsir yfir ánægju með framgang mála. Stefnt er að kynna stöðu vinnunnar á næsta fundi skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar og í framhaldi þess að halda opinn fund.

Fundi slitið kl. 18:30.

